

Leikreglur



Skannaðu hér

HVAÐ HEYRIST
ÞEGAR BRÖDD-
GELTIR KYSSAST?



Top Trumps er
spil fyrir 2 til 6
leikmenn.

Skiptið öllum 30 spilunum
jafnt á milli leikmanna þannig
að þau snúi niður. Leikmenn hafa spilin
í bunka fyrir framan sig en mega **BARA**
skoða efsta spilið í honum. Gætið þess
að aðrir leikmenn sjái ekki spilin ykkar.

Sá leikmaður sem byrjar velur „bestu“
staðreyndina (sem er oftast sú hæsta)
á spilinu, t.d. stríðni 30. Allir hinir
leikmennirnir lesa nú upphátt **SÖMU**
staðreyndina.

Sá sem hefur bestu eða hæstu töluna
vinnur umferðina. Hann fær spil hinna
og setur þau ásamt spilinu sínu neðst
í bunkann sinn. Sigurvegari um-
ferðarinnar velur svo staðreynd
fyrir næstu umferð.

Ef tvö eða fleiri spil eru
með sömu töluna eða
talan óskráð (ós) eru
öll spilin í umferðinni
lögð til hliðar og sami leikmaður
og valdi staðreynd í þessari
umferð byrjar á þeirri næstu.

Sigurvegari þeirrar umferðar
fær öll spilin fyrir báðar
umferðirnar.

Leikmaður sem er fyrstur
til að ná öllum 30 spilunum
vinnur!

Áiiii!!

